

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðaustur, vegna gróðrastöðvar – Þorlákstúni.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 13. febrúar 2008 breytingu á deiliskipulagi fyrir Þorlákstún í Hafnarfirði. Breytingin felst í að núgildandi byggingarreitur fyrir gróðurhús næst Suðurbraut er færður innar á lóðina, inn fyrir núverandi göngustíg. Byggingarreit fyrir áhaldahús er snúið og nýr byggingarreitur kemur austan við innkeyrslu á lóð á mótum Lyng- og Móabaráðs fyrir aðflutt hús á einni hæð sem hvíli á steiptum sökkli með skriðkjallara. Hæðarkóti mænis fari ekki yfir 42 m. Byggingarreitir fyrir gróðurhús eru sameinaðir og akstursleiðir innan lóðar breytast. Mön meðfram Reykjanesbrautinni verður hluti af uppfyllingu svæðisins.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2. júní 2008,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2008